

ÍSLE3FO05

Búið til: Mon, 12 Mar 2012 15:13:10 GMT

Titill

Frá sagnaritun til nýrómantíkur

Skammstöfun

ÍSLE3FO05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

fornbókmenntir

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum afla nemendur sér fræðilegrar þekkingar og staðreyndaþekkingar á þeim bókmenntum sem til umfjöllunar eru í áfanganum. Krafist er fjölþættrar vitsmunalegrar og verklegrar leikni til að vinna að lausnum á verkefnum sem nemendur glíma við í áfanganum. Verkefnavinna áfangans miðar að því að nemendur öðlist hæfni til að nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrvinnslu nýrra viðfangsefna auk þess að meta eigið vinnuframlag. Lesin er ein Íslendingasaga, Njáls saga. Þá eru lesnir textar úr bókinni Bók af bók, textar frá tímabilinu 1550 til 1920; þ.e. frá Lærdómsöld til nýrómantíkur. Njáls saga: Í Njáls sögu kynnast nemendur þeim hugmyndaheimi sem Íslendingasögurnar grundvallast á; þ.e. hvaða gildi eru þar við lýði og hvaða orsakir eru að baki hinum frásagnarverðu atburðum sem segir frá í sögunni. Einnig verður fjallað um það í áfanganum hvaða hugmyndir fræðimenn hafa í gegnum tíðina um uppruna Íslendingasagnanna (bókfesta, sagnfesta, nýsagnfesta). Bók af bók: Lesnir eru valdir textar frá tímabilinu 1550 til 1920. Nemendur kynnast bókmenntum tímabilsins og helstu höfundum þess. Einnig kynnast nemendur hvaða hugmyndaheimur er að baki hverju tímabili fyrir sig; þ.e. hvaða kenningar/hugmyndafræði skópu þær bókmenntir sem til urðu á þessu tímabili (Lærdómsöld, Upplýsing, rómantík, raunsæi og nýrómantík).

Forkröfur

Amk. 10 einingar á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ritgerðasmíð og heimildavinnu
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti sem og til náms í erlendum tungum
- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta, stefnum í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju og öllum helstu bókmenntahugtökum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ritun heimildaritgerða þar sem hann beitir gagnrýnni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli

- frágangi heimildaritgerða og hvers kyns texta og að nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- nýta málfræðihugtök af öryggi í umræðum um málið og þróun þess, menningu og sögu
- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og menningarlegar vísanir í tal- og ritmáli
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum, hvort sem er í ræðu eða riti, og meta áreiðanleika þeirra
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti vel upp byggða ræðu eða ítarlega kynningu á flóknu efni
- lesa allar gerðir ritaðs máls að fornu og nýju sér til gagns og gamans, skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta og geta valið ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum ...sem er metið með... ritunarverkefnum og ritgerðarskrifum
- leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, til dæmis með því að nýta málfræðiupplýsingar og þekkingu sína á íslenska málkerfinu ...sem er metið með... umræðum og gagnvirkum verkefnum á vef
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti ...sem er metið með... munnlegum kynningum og ritunarverkefnum
- tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að vel ígrundaðri niðurstöðu ...sem er metið með... bókmenntaumræðu og verkefnavinnu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta, átta sig á samfélagslegum skírskotunum og ná duldum boðskap og hugmyndum ...sem er metið með... skriflegum bókmenntaverkefnum
- sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum ...sem er metið með... skriflegum verkefnum, samvinnuverkefnum og einstaklingsverkefnum ásamt munnlegum kynningum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt prófum sem lögð eru fyrir reglulega.

Skólar

Fyrirmynd